

Fundargerð 145. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 13. ágúst 2014
Fundartími: 19:00 –
Fundarmenn: Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund og bauð fundargesti velkomna. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

Dagskrá:

1. Skipulagsmál. Fundargerð Skipulagsnefndar frá 31. 07. 2014.

Lögð fram 74. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 31.07.2014.

Eftirfarandi dagskrárliðir varða Flóahrepp:

a) Mál nr. 15, Vorsabær, iðnaðar eða gripahús.

Viðbygging við fjós. Húsið verður byggt við suðurhlið núverandi fjóss og þak tengt inn á fjóspakið. Steyptur kjallari og veggir. Rimlagólf er forsteyptar einingar. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða viðbyggingu og vísar afgreiðslu málsins til byggingarfulltrúa. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu. Skipulagsnefnd samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að kynna lýsinguna skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga og leita umsagnar Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir hana með 5 atkvæðum.

b) Mál nr. 33, Arabær – Hrafnshagi

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi spildu úr landi Arabæjar. Um er að ræða 45,3 ha spildu sem á að verða lögbýli og fá heitið Hrafnshagi. Á byggingarreit er gert ráð fyrir að byggja íbúðarhús og landbúnaðarbyggingar eins og hesthús og reiðhöll. Lýsing deiliskipulagsins var kynnt með auglýsingu sem birtist 30. apríl með athugasemdafresti til 15. maí. Engar athugasemdir hafa borist en fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar dags. 17. júlí 2014. Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn feli skipulagsfulltrúa að kynna deiliskipulagstillöguna skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leita umsagnar Vegagerðarinnar. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir hana með 5 atkvæðum.

c) Mál nr. 34. Dsk. Ragnheiðarstaðir 2 lnr. 222006.

Lögð fram tillaga að skipulagslýsingu vegna deiliskipulags fyrir Ragnheiðarstaði 2 í Flóahreppi lnr. 222006. Svæðið er í heild 193,7 ha og eru 77,7 ha norðan Villingaholtsvegar og 116 ha sunnan vegarins. Afmarkaður byggingarreitur fyrir íbúðarhús, vélageymslu og hesthús norðan vegar og sunnan vegar er afmarkaður reitur fyrir allt að 9.000 fm landbúnaðarbyggingar. Svæðið sunnan vegar er að hluta skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð og er óskað eftir að því verði breytt í landbúnaðarsvæði. Fyrirliggjandi lýsing er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag þar sem svæðið sunnan þjóðvegar er skilgreint sem svæði fyrir

frístundabyggð. Þá þyrfti einnig að gera betur grein fyrir hvernig landbúnaðarstarsemi fyrirhugað er að starfrækja á svæðinu. Afgreiðslu frestað. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar og frestar afgreiðslu málsins.

d) Mál nr. 35 Fyrirspurn Loftstaðir-Eystri.

Lagt fram endurskoðað erindi eigenda Loftstaða Eystri lnr. 165472 dags. 25. maí 2014, ásamt yfirlitsuppdraetti sem sýnir fyrirhugaða skiptingu jarðarinnar. Á fundi sveitarstjórnar 7. maí 2014 var fyrra erindi um skipulag svæðisins hafnað þar sem það samræmdest ekki aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem ekki væri heimilt að gera ráð fyrir svo mörgum íbúðarhúsum á einu lögbýli og tillagan gerði ráð fyrir. Nú hefur erindið verið endurskoðað á þann veg að nú er gert ráð fyrir 3 íbúðarhúsum og 3 frístundahúsum, auk spildna til ræktunar o.fl. Að mati skipulagsnefndar samræmast fyrirliggjandi hugmyndir aðalskipulagi sveitarfélagsins og gerir nefndin ekki athugasemd við að unnin verði lýsing deiliskipulags í samræmi við það. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir hana með 5 atkvæðum.

2. Erindi vegna stækkunar kirkjugarðs í Gaulverjabæ.

Óskað er eftir endurgreiðslu kostnaðar samkvæmt meðfylgjandi reikningi vegna efnisflutninga og endurræktunar á túni vegna stækkunar kirkjugarðsins í Gaulverjabæ kr. 177.000.

Sveitarstjórn ákveður að fresta afgreiðslu málsins þar til fyrir liggur yfirlit yfir reikninga vegna framkvæmdanna í heild.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Fyrirspurn vegna atvinnustefnu Flóahrepps

Erindi frá Svanhvíti Hermannsdóttur og Elínu Höskuldsdóttur þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar til þess hversu miklu fjármagni eigi að verja til þess að móta atvinnustefnu. Hverjir eigi að koma að þeirri vinnu, hvaða sérfræðingar, hvenær vinnu við mótun atvinnustefnu eigi að vera lokið og hvað gera á við niðurstöðuna.

Sveitarstjórn leggur til að beðið verði eftir tillögu frá atvinnu og umhverfisnefnd varðandi það hvort hún teljur æskilegt að unnin verði atvinnustefna fyrir sveitarfélagið. Afgreiðslu frestað þar til næsta fundargerð atvinnu og umhverfisnefndar liggur fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Erindi frá Umhverfisstofnun, samningsdrög um refaveiðar

Lagt fram erindi frá Umhverfisstofnun ásamt drögum að samningi milli Umhverfisstofnunar og Flóahrepps um endurgreiðslu til sveitarfélagsins vegna refaveiða árin 2014 – 2016. Drögin eru samin á grundvelli áætlunar sem unnin hefur verið af Flóahreppi fyrir umrætt tímabil.

Sveitarstjórn samþykkir samningsdrögin eins og þau liggja fyrir og felur sveitarstjóra að undirrita þau.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Trúnaðarmál

Engin mál bárust.

6. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 30. júlí 2014.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Minnisþingar vinnuhóps vegna byggingar leikskóla dags. 11. ágúst 2014.

Minnisþingar vinnuhópsins lagðir fyrir. Varðandi lið nr. 3, þá óskar sveitarstjórn eftir kostnaðaráætlun áður en farið verður í framkvæmdir.

Varðandi liði nr. 7 og nr. 11, leggur sveitarstjórn til að leikskólastjóra verði falið að gera tillögu að skipulagi lóðar og innanhússhönnun, í samráði við starfsfólk leikskólans og umsjónarmann fasteigna og leggja fyrir vinnuhópinn. Að öðru leyti telst fundargerðin samþykkt. Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Til kynningar:

- a) 18. Fundur stjórnar Skipulags og byggingarfulltrúa Uppsveita dags. 31. júlí 2014

8. Önnur mál:

a) Fyrirhugaðir fundir

Næsti fundur sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 3. september n.k. kl. 19.00.

b) Tilboð í ræstingar

Gerð var viðbót við ræstingartilboð eftir fund með fulltrúa „Hreint“ vegna búningsklefa í Þjórsárveri og vegna ræstingar á Skólatúni til 1. febrúar.

Samtals hljóðar samningurinn þá upp á 843.060 kr.m. vsk. pr. mánuð

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:50

Árni Eiríksson (sign)

Svanhvít Hermannsdóttir (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Eydis Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri (sign)